

152. Fundur

Skólaneftndarfundur Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn 26.nóvember 2013 kl. 17

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjármál
3. Önnur mál

Mætt voru:

Póra Margrét Birgisdóttir

Jóhanna Guðmundsdóttir

Jósep Blöndal

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

1. Jóhanna fór yfir skólastarfið sem af er vetri. Töluvert mikið að gera og jólastart komið í fullan gang. Mikil eftirspurn eftir tónlistaratriðum við ýmis tækifæri, barnaskólastarf gengur vel, sívaxandi hópur. Trommusveit Stykkishólms komin í gegnum fyrsta niðurskurð Iceland got talent. Jóhanna kynnti fréttabréf tónlistarskólans fyrir fundarmönnum. Mikið framundan vegna afmælis Lúðrasveitar og Tónlistarskóla, vert að skoða fólk í nefnd varðandi nánari skipulagningu varðandi það, ca. 5 nemendur eru á biðlista sem vonandi verður hægt að taka inn á áramótum.
2. Fjármálastaða er góð, allt innan marka áætlunar. Lítilsháttar niðurskurður fyrirhugaður en hugsanlega auka fyrirgreiðsla vegna afmælis. Starfið hefur vaxið og því full þörf á meira fjármagn til skóla, m.a. vegna endurnýjunar tækja og tóla til að efla kennslu enn frekar. Vert að minna á hljóðfærakaupasjóðinn í nær samfélaginu. Mikil þörf á viðhaldi á húsnæði, rými vantar m.a. fyrir slagverksskennslu.
3. Minningartónleikar um Hafstein Sigurðsson voru haldnir þann 17. Nóvember í tilefni þeirra hefur verið stofnaður sjóður í samráði og samstarfi við fjölskyldu Hafsteins Sigurðssonar, búið er að opna reikning í bankanum 0109-22-000344 kt. Skólans er 650269-3579 prófkúruhafi er Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftir á að semja reglur um starfsemi sjóðsins og skipta í stjórn. Nú þegar er komin tæp hálf milljón í sjóðinn.

Fundi slitið kl. 18:10

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir ritari